

**Ed.**

#### **914. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um dýralækna (768, n. Nd. 334 — meiri hlutinn, og 369 — minni hlutinn).

Frumvarpið var borið upp í neðri deild af meiri hluta landbúnaðarnefndarinnar þar (á þingskj. 334); í því frumvarpi var farið fram á að hafa 3 dýralækna á landinu.

Minni hluti landbúnaðarnefndarinnar í Nd. lagði í móti frumvarpinu í ítarlegu nefndaráliti (á þingskj. 369), færði það til, að dýralæknisþörfinni væri alls ekki fullnægt með 3 dýralæknum — þeir þyrftu þá að vera »að minsta kosti 10—20«.

Því erum við samdóma, og álitum meira að segja að ekki myndi veita af 30—40 dýralæknum, ef vel ætti að vera.

Við viljum vekja athygli á því, að hjeraðslæknar eru nú orðnir svo margir og hjeruðin flest svo lítil, að læknarnir hafa víða alt of lítið að gera. Þess vegna

virðist okkur vel geta komið til mála, að gefa hjeraðslæknum og læknaefnum kost á tilsögn í dýralækningum; fyrir *lækna* myndi tiltölulega stutt námsskeið nægja til þess, að þeir gætu stundað dýralækningar til mikils gagns fyrir alla alþýðu manna. Við teljum þessa tillögu svo mikilsverða, að sjálfsagt sje að ihuga hana nánar. Fyrir því getum vjer ekki fallist á að fjölga dýralæknum að mun. En teljum þó eftir atvikum rjett að bæta einum við — í Austfirðingafjórðungi, eins og upprunalega var farið fram á í frumvarpi neðri deildar.

Við leggjum því til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu að dýralæknarnir verði þrír.

#### BREYTINGARTILLAGA:

1. grein orðist þannig:

Dýralæknar skulu vera þrír, einn í Sunnlendinga- og Vestfirðingafjórðungum, annar í Norðlendingafjórðungi, þriðji í Austfirðingafjórðungi.

Stjórnarráðið skipar þá og kveður á um bústað þeirra.

Efri deild Alþingis, 10. september 1915.

Guðm. Ólafsson,  
form.

G. Björnson,  
ritari og fransm.

Karl Finnbogason.